



STEFNA LEIKSKÓLA KÓPAVOGS VEGNA FÆÐUOFNÆMIS OG FÆÐUÓÞOLS

Viðbrögð líkamans við ákveðinni fæðu geta valdið því að barn þarf á sérúrræðum að halda varðandi mataræði. Leikskólar Kópavogs taka tillit til þess, passa sérstaklega upp á að forðast smit milli matvæla og bjóða börnum upp á fjölbreytni með útilokun á sjúkdómsvaldandi fæðu. Reynt er að bjóða upp á fæðutegundir sem gefa áþekka samsetningu næringarefna og fæðan sem þarf að taka út.

Stefnan byggist á næringarstefnu leikskóla Kópavogs, sjá fylgiskjal.

Foreldrar þurfa að skila vottorði frá ofnæmislækni um fæðuþol og fæðuofnæmi, svo ekki sé verið að sniðgangi matvöru að óþörfu.

Vottorðið skal endurnýja á hverju hausti.

Fylla skal út í eyðublað vegna undanþágu frá matseðli, sjá fylgiskjal.

Í öllum tilfellum þar sem taka þarf út mjólkurvörur er boðið upp á haframjólk í staðinn.